

**Sp. 558. Tillaga til þingsályktunar [350. mál]**

um bættu aðstöðu hreyfihamlaðra í Þjóðleikhúsinu.

Flm.: Sigríður Þorvaldsdóttir, Guðrún Agnarsdóttir, Sigríður Dúna Kristmundsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að fyrir upphaf næsta leikárs verði gerðar endurbætur á aðstöðu fatlaðra til að sækja Þjóðleikhúsið.

Undirbúningsvinna að þessum framkvæmdum hefjist hið fyrsta.

**Greinargerð.**

Í byggingarlögum nr. 54 16. maí 1978 er m. a. það nýmæli að fjallað er um aðstöðu fatlaðra. Þar stendur: „Í byggingarreglugerð skal setja ákvæði varðandi umbúnað bygginga til þess að auðvelda ellihrumu og fötluðu fólki að komast leiðar sinnar.“

Gera verður ráð fyrir að hagsmuna hreyfihamlaðra sé gætt í nýbyggingum en treglega hefur gengið að færa eldri opinberar byggingar í viðunandi horf fyrir fatlaða. Það á ekki síst við um Þjóðleikhúsið en þar er örðugt fyrir hreyfihamlaða að komast upp háar útitröppur og stiga og innan dýra er mikið um mishæðir.

Ekki er hægt að koma nema tveimur hjólastólum fyrir í húsinu en í gildandi byggingarsamþykkt er kveðið á um að 1% sætarýmis skuli vera ætlað hjólastólum. Samkvæmt því ætti að vera rými fyrir sjö hjólastóla í húsinu en sæti eru þar 661. Einnig er salernisaðstaða enn ófullnægjandi þó að bætt hafi verið úr brýnasta vandanum með því að setja snyrtingu í forstofu framan við sal. Þó nær sú snyrtiaðstaða því miður ekki þeirri stærð sem reglugerðir gera ráð fyrir.

Hinn 22. maí 1980 samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um málefni hreyfihamlaðra þar sem skorað var á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og gera kostnaðaráætlun um þau verk sem brýnust þóttu.

Þessi úttekt var gerð og skilaði starfshópur um ferlimál fatlaðra úttekt sinni 2. apríl 1981. Í framhaldi af þessum niðurstöðum lagði starfshópurinn til í bréfi dagsettu 26. júní 1981 við þáverandi félagsmálaráðherra að hann hæfi viðræður við menntamálaráðherra og forsætisráðherra — sem yfirmann húsameistara — um breytingar á Þjóðleikhúsinu. Félagsmálaráðherra varð við þessari tillögu og í september 1981 lögðu húsameistari og formaður starfshópsins fram athuganir og áætlanir til endurbóta á húsinu. Þar var gert ráð fyrir:

1. að sett yrði upp lyfta með 5 viðkomustöðum á austurhlíð hússins,
2. að nýtt stórt anddyri með miðasölu hússins yrði byggt við austurhlíð,
3. að sæti í 10. og 11. röð í sal yrðu losuð svo að hægt væri að skapa þar rými fyrir 7 hjólastóla,
4. að sérhannaðri snyrtiaðstöðu fyrir fatlaða yrði komið fyrir í kjallara í tengslum við núverandi salerni og fatageymslu,
5. að möguleikar yrðu á því fyrir fatlaða að komast að litla sviðinu og í veitingasal.

Lausleg kostnaðaráætlun um breytingarnar var gerð og hljóðaði sú áætlun upp á 2 600 000 kr. Þar er gert ráð fyrir að anddyri það hið mikla, sem áætlað var, kostaði 800 þús. kr. eða tæplega þriðjung alls kostnaðarins. Farið var fram á a. m. k. 800 þús. kr. til að hefja undirbúningsframkvæmdir á árinu 1982.

Þáverandi félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra ákváðu að þeirri 1 000 000 kr., sem gert var ráð fyrir í fjárlögum fyrir 1982 vegna breytinga á húsnæði vegna fatlaðra, yrði varið til ofangreindra breytinga á Þjóðleikhúsinu. Það verður að segjast eins og er að ekkert varð úr framkvæmdum og féð var því ekki nýtt.

Á fjárlögum 1983 var fjárveiting að upphæð 1,4 milljónir kr. ætluð til verksins en enn varð ekkert úr framkvæmdum, þó svo að samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra reyndi að ýta á eftir málinu með bréfi dagsettu 30. júní 1983 til menntamálaráðherra. Á fjárlögum 1984 mun hafa verið veitt sama fjárhæð og árið áður til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra en ekki bar á því að það fé væri nýtt til breytinga á Þjóðleikhúsinu. Hins vegar var 200 þús. kr. af þessu fé varið til framkvæmda annars staðar.

Á fjárlögum þessa árs virðist ekki vera nein fjárveiting til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra. Við leggjum því til að eftirstöðvum af þeim 3,8 millj. kr., sem samtals var gert ráð fyrir á fjárlögum á árunum 1982, 1983 og 1984 til breytinga á húsnæði vegna fatlaðra, verði nú varið til þess að setja upp lyftu, lagfæra stétt og skapa aðstöðu fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. þessarar þingsályktunartillögu gerðu í febrúarmánuði s. l. frumkostnaðaráætlun um endurbætur í þessu sambandi. Þessi áætlun er byggð á upplýsingum frá embætti húsameistara ríkisins og vélsmiðjunni Héðni og sýnir eftirfarandi:

Stétt .....	kr.	600 000
Lítið anddyri (án miðasölu) .....	kr.	300 000
Lyfta með 4 viðkomustöðum .....	kr.	1 300 000
Lyftustokkur úr stáli og gleri .....	kr.	400 000
Múrbrot og gryfjugerð .....	kr.	350 000
		<hr/>
	kr.	2 950 000

Hönnunar- og eftirlitskostnaður er ekki innifalinn í þessari áætlun, en gera má ráð fyrir að hann verði allt að 10% af kostnaði. Sárálítið kostar að losa um sæti til að fá rými fyrir átta hjólastóla og haft var samráð við umsjónarmann eldvarna um stað fyrir hjólastóla á miðsvölum.

Flm. telja að þessar 3,6 milljónir kr., sem ekki hafa enn verið nýttar en gert var ráð fyrir á fjárlögum, séu yfrið nóg fé til að koma þessu máli heilu í höfn þannig að hreyfihamlaðir geti sótt Þjóðleikhúsið rétt eins og aðrir þegnar þjóðfélagsins.

#### Fylgiskjal I.

# Þingsályktun

um málefni hreyfihamlaðra.

---

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta gera úttekt á nauðsynlegum endurbótum á opinberu húsnæði til að auðvelda hreyfihömluðum aðgang og verði gerð kostnaðaráætlun um þau verkefni sem brýnust þykja. Skal í þessum efnum haft samráð við Ferlinefnd fatlaðra. Úttektin skal lögð fyrir Alþingi.

Jafnframt felur Alþingi ríkisstjórninni að leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um fastan tekjustofn í því skyni að tryggja nægilegt fjármagn til framkvæmda, þannig að á næsta ári verði hægt að hefjast handa um breytingar á húsnæði svo sem þingsályktun þessi gerir ráð fyrir.

---

*Samþykkt á Alþingi 22. maí 1980.*

## Fylgiskjal II.

Starfshópur um ferlimál fatlaðra:  
Reykjavík, 2. apríl 1981.

### ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Undirritaðir hafa kynnt sér Þjóðleikhúsið með hliðsjón af umferð fatlaðra. Eftirtalin atriði þarf að leysa til þess að viðunandi megi teljast og án þess að gerðar séu of róttækar breytingar á húsinu.

1. Góð bílastæði eru við aðalinngang. Setja þarf lyftupall við austurhluta tröppu og rjúfa handrið við húsvegg þannig að hjólastóll komist af lyftupalli á stétt framan við aðaldyr. Sjálfvirkan búnað væri æskilegt að setja á eina af hurðunum. Skábraut þarf að setja á tröppur í anddyri (réttur halli fæst ekki vegna plássleysis).
2. Fullnægjandi snyrtingu þarf að setja í forstofu framan við sal. Frá miðdyrum salar er hægt að komast beint inn í salinn. Möguleiki þarf að vera á því að fjarlægja sæti og mynda rými fyrir hjólastóla (ákvörðunaratriði er hve mörg sæti eigi að vera hægt að fjarlægja).

Í þessari greinargerð er ekki gert ráð fyrir því að fatlað fólk komist niður í kjallara hússins, en möguleiki væri á að það kæmist upp í forstofuna á efri hæðinni með stigalyftu.

Björn Kristleifsson.  
Helgi Hjálmarsson.  
Hrafn Hallgrímsson.  
Óli Hilmar Jónsson.

Athugun á hæfni byggingar fyrir hreyfiskerta.

### BYGGING: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ.


	Hámarksvægi	Úttektarvægi	Vægi eftir lagfæringu	
I. Aðkoma og stæði:	15	10	10	Í þessari úttekt er ekki gert ráð fyrir því að fatlaðir komist niður í kjallarann, en möguleiki væri að setja stigalyftu í tröppu sem tengir forstofurnar saman.
1. Afstaða til inngangs .....	7	6	6	
2. Gerð stæða .....	4	4	4	
3. Upphitun inngangssvæðis .....	4	0	0	
II. Aðalinngangur:	25	1	20	Setja þarf lyftupall við útitröppur og skábraut í anddyriströppur. Æskilegt væri að setja sjálfvirkan búnað á hurðir.
1. Aðkoma .....	10	0	8	
2. Tröppur og skábrautir .....	10	0	8	
3. Dyrabúnaður .....	5	1	4	
III. Tilhögun innanhúss:	60	16	36	Fjarlægja þarf sæti við miðdyr í sal til að mynda rými fyrir hjólastóla. Séstaklega þarf að athuga merkingu fyrir blinda og heyrnarlauslausa.
1. Lega og gerð stiga og lyfta .....	20	0	10	
2. Gangabreiddir .....	15	10	10	
3. Lega og gerð snyrtinga .....	10	3	8	
4. Hurðarbreiddir og þröskuldar ....	10	3	8	
5. Merkingar .....	5	0	x	
Summa	100	27	66	

### Fylgiskjal III.

#### **ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ: KOSTNAÐARÁÆTLUN FYRIR LYFTUR -** (Unnin af Héðni.)

1. Stigalyfta í tröppum .....	Kr.	250 000,00
2. Stigalyfta í tröppum upp í miðasölu í austurátt .....	—	250 000,00
3. Stigalyfta á útitröppum upp í miðasölu í suðurátt .....	—	300 000,00
4. Stigalyfta upp í gang úr miðasölu .....	—	180 000,00
5. Pallyfta upp í gang úr miðasölu .....	—	150 000,00
6. Stigalyfta úr hlíðaranddyri í austurátt niður í kjallara og upp í gang .....	—	600 000,00
7. Stigalyfta í kjallara niður í veitingastað .....	—	250 000,00
8. Pallyfta í kjallara niður í veitingastað .....	—	200 000,00
9. Átta manna fólkslyfta, 5 hæðir, þrjár inngangar .....	—	1 400 000,00 <sup>*)</sup>
Lyftustokkur úr stáli og gleri .....	—	400 000,00
10. Ein glerlyfta, 2ja manna, 2 hæðir .....	—	400 000,00
11. Tvær glerlyftur, 2 hæðir .....	—	750 000,00

<sup>\*)</sup> Í þingsályktunartillögunni er gert ráð fyrir fjórum viðkomustöðum en ekki fimm og verð því 1 300 000 kr.



2. hæð. Neðri svalir.